



## Launastefna ASÍ

Launastefnan skal samræmast starfsmanna- og jafnréttisstefnu ASÍ. Markmið hennar skal vera að tryggja öllu starfsfólki sömu laun og sömu kjör fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf þannig að ekki sé mismunað. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

ASÍ skal ekki vera launaleiðandi á vinnumarkaði en telur mikilvægt að laða til sín hæft starfsfólk. Uppbyggingu launa er því ætlað að stuðla að samkeppnisfærum launum í samanburði við sambærilega hópa á vinnumarkaði. Til hliðsjónar skal því hafa að staðsetja launasetningu á milli miðgildis og efri fjórðungs tekna sambærilegra hópa.

Laun forseta skal vera innan þeirra marka að grunnlaun fari ekki umfram ferföld lágmarkslaun skv. kjarasamningum ASÍ. Laun varaforseta lúta sömu reglu. Launanefnd ákveður starfshlutfall varaforseta hverju sinni.

Forsendur launaákvæðana skulu vera í samræmi við launauppbyggingu ASÍ og studdar rökum sem tryggi að sömu laun séu greidd og starfskjör veitt fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf nema málefnaleg og skýr rök leiði til annars.

Launaákvæðanir skulu taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum öðrum þáttum svo sem reynslu, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfs- og samskiptahæfileikum, stjórnun og verkefnum.

Til skulu vera starfslýsingar fyrir öll störf hjá ASÍ. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni og reynslu og þá ábyrgð sem starfinu fylgir.

Framkvæmdastjóri ber í umboði miðstjórnar, ábyrgð á launastefnu ASÍ. Ákvæðanir um laun og launabreytingar eru teknar af framkvæmdastjóra sem fer yfir laun alls starfsfólks árlega eða oftár ef við á til að tryggja að samræmis sé gætt í launum og starfskjörum. Starfsfólk getur fengið viðtal við framkvæmdastjóra um endurskoðun launa.

Þannig staðfest í miðstjórn ASÍ 20. september 2023